

# EFTIRLITSSKÝRSLA

## Veiðifélag Ytri-Rangár Húsafelli



<b>Dags eftirlits</b>	27.11.2023	<b>Ábyrgðarmaður eftirlits</b>	Halla Margrét Viðarsdóttir
<b>Fyrirtæki</b>	Veiðifélag Ytri-Rangár	<b>Eftirlitsmaður</b>	Halla Margrét Viðarsdóttir
<b>Heimili</b>	Bjólu 1	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið
<b>Kennitala</b>	691092-2599	<b>Flokkur</b>	Fiskeldi
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Börkur Hrafn Nóasson	<b>ÍSAT nr.</b>	03.22.0
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>		<b>Staðsetning</b>	

### NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Fimm frávík komu fram við eftirlit og varða þau að 1) ekki eru neyðar né rekstrarstöðvunaráætlanir til staðar, 2) örverur og froðumyndun er í settjörn, 3) geymsla og meðhöndlun efna er ábótavant, 4) skráningar liggja ekki fyrir og 5) ársyfirliti rekstrarársins 2022 hefur ekki verið skilað né umhverfisupplýsingum.

Ein ábending er lögð fram.

### UMFANG EFTIRLITS

Fram fór reglubundið eftirlit í starfsstöð Veiðifélags Ytri-Rangár í Húsafell í samræmi við 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Starfsleyfi rekstraraðila var gefið út þann 10. mars 2022 og gildir til 10. mars 2038. Umfang starfseminnar miðar við 40 tonna hámarks lífmassa á hverjum tíma.

Fiskeldisstöðin er staðsett á landi í Húsafelli með frárennsli í settjörn, sem þaðan á farveg út í Kaldá sem að lokum rennur út í Hvítá í Borgarfirði. Í stöðinni eru framleidd gönguseiði fyrir laxveiðiár úr náttúrulegum laxastofni.

Dagskrá eftirlits var eftirfarandi:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- Farið yfir starfsleyfið og minnt á skil skv. því
- Áætlanir og viðbrögð
- Geymsla og meðhöndlun hættulegra efna
- Kynning á fylgiskjölum fundarboðs

Vegna óviðráðanlegra aðstæðna hjá rekstraraðila var eftirlit tvíþætt. Fyrst fór fram vettvangsskoðun og eftir á var tekinn fjarfundur við stöðvastjóra.

Engin opin frávík eru útistandandi úr fyrri eftirlitum þar sem rekstraraðili hefur fengið nýtt starfsleyfi sem tekur á magnheimildum eldisins. Aftur á móti var ábending sett fram úr síðasta eftirliti er varðar leka á stút við útiker. Ekki var að sjá neinn leka í eftirliti nú. Aftur á móti var eitthvað um leka á stútum innandyra og þarf að huga að þéttingum þar.

Engar breytingar eru fyrirhugaðar á rekstri. Tengiliða upplýsingar hafa verið uppfærðar þar sem nýr stöðvastjóri er kominn til starfa. Eftirlitsaðili fór yfir skyldur starfsleyfis með rekstraraðila, sem rekstraraðili ber ábyrgð á. Bent var sérstaklega á skyldur úr kafla 4, er varða skráningar, sbr. gr. 4.1.

Fóðurgjöf er klukkustýrð og er tekið viðmið af vaxtarlíkönum við gjafir m.t.t. stærðar og hitastigs vatns

Ekki eru til staðar neinar skráningar vegna starfsemi eldisins vegna síðasta rekstrarárs, né þessa árs. Er rekstraraðila skylt að koma því í betra horf og skila úrbótum við fyrsta tækifæri. Rekstraraðili ber að setja sér umhverfismarkmið og koma þeim til skila til eftirlitsaðila og útbúa neyðaráætlun ef til skyndilegrar stöðvunar kæmi á rekstri, og þarf að innihalda áætlun vegna bæði tímabundinnar stöðvunar og varanlegrar.

Þarf rekstraraðili að huga sérstaklega að geymslu efna hjá sér og sjá til þess að starfsfólk þekki til eitrunarhættu og eiginleika þeirra efna sem eru til staðar á stöðinni. Ber að hafa öryggisblöð til staðar hjá þeim efnum. Formalín í tunnum ásamt öðrum efnum eru geymd innandyrá og eru staðsett í klakrými stöðvarinnar og einnig í öðrum rýmum. Bleyta er til staðar í kringum sumar tunnurnar og ekki eru lekavarnir í kringum efnin. Eiturefni skulu geymd á þurrum stað í læstum hirslum eða rými, með lekavörnum eftir því sem við á, og séð til þess að aðskilnaður sé milli efna ef möguleg hættu er á blöndun þeirra eftir atvikum.

Frárennsli við vatnsútrás var skoðað. Þekjur af rotverum voru til staðar ásamt örlítilli froðumyndun. Mikil ljós setmyndun er í settjörn. Eftirlitsaðili telur þörf á því að uppfæra hreinsunarbúnað stöðvarinnar.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
grein 1.5 í starfsleyfi:	Áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar skal vera til staðar, sem og neyðaráætlun og fjalla skal þar annars vegar um tímabundna rekstrarstöðvun og hins vegar um varanlega rekstrarstöðvun. (Sjá nánari útlitun í starfsleyfi hvað þarf að koma fram í henni).
grein 3.5 í starfsleyfi:	Vakta skal fosfór og köfnunarefni í vatni við inntak í stöðina og við útrás frárennslis frá stöðinni, sbr. gr. 4.3. Þekjur af rotverum hafa myndast við útrás vatns frá settjörn, ásamt froðumyndun. Mikil setmyndun er í settjörn. Þarf að endurskoða hreinsun á frárennsli.
grein 3.11 í starfsleyfi:	Geymsla og meðhöndlun efna er ábótavant. Takmarka þarf aðgengi og mengunarhættu eins og kostur er (sjá nánar umfjöllun í megintexta). Rekstraraðili skal vinna samkvæmt efnalögum nr. 61/2013 og reglugerð nr. 888/2015.
grein 4.1 í starfsleyfi:	Skrá skal upplýsingar um umhverfis- og rekstrarþætti og þurfa skráningar að vera aðgengilegar eftirlitsaðila. Voru þær ekki aðgengilegar við eftirlit. M.a. þurfa að koma fram niðurstöður vöktunar sbr gr. 5.1 í starfsleyfi sem og niðurstöður niðurstöðu mælinga sbr. gr. 4.3.
grein 4.4 og 4.5 í starfsleyfi	Rekstraraðili ber að taka saman ársyfirlit og senda til eftirlitsaðila árlega, fyrir 1. maí. Í yfirlitinu skulu koma fram niðurstöður mælinga og skráninga, sbr. kröfur í 3., 4. og 5. kafla starfsleyfis. Árlega ber rekstraraðila að skila inn umhverfisupplýsingum skv. ákvæðum 34. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Hægt er að skila þeim sameiginlega í ársyfirliti. Var ársyfirliti ársins 2022 ekki skilað.



## ÁBENDINGAR

Leki var meðfram rörum innandyra sem nauðsynlegt er að laga.

**1** Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

**2** Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík,

*Halla Margrét Viðarsdóttir*

Halla Margrét Viðarsdóttir

